


Kjartan Ólason: Fyrstur hinna dánu.

augu vor aftur

desar: við sjáum í myndinni „Fyrstur hinna dánu“ hvar stæltur maður og stoltur ekur hestvagni sínum inn í ríki dauðans. Hestarnir í myndum Kjartans eru dauðatákn og þessi magnaða mynd er eins konar storkun við dauðann sem vekur bæði kjark og kvíða. Aðrar myndir hafa tilvísun til fortíðarinnar og listasögunnar: andlitið í myndinni „Vefarinn“ minnir á Michelangelo og Skáldsnillingurinn „Doctus Poeta“ er eins og skopleg en jafnframt tragísk tilvitnun í vélmenni þau sem komu fram í verkum kúbista, fútúrista og dadaista á fyrrihluta aldarinnar. Myndin „Amnesía“ eða minnisleysi sýnir okkur andlitsgrímu sem er að hluta til hulin og umlukin formlausum myndflötum. Þetta eru þau andlit fortíðar sem dvelja í sameiginlegri undirvitund okkar, andlit sem listamaðurinn magnar upp, þannig að við þekkjum þau á ný, í nýju samhengi við nútímann. Á stuttri yfirsýn vekja þessar myndir ótal spurningar, sem ekki verður svarað í þessum pistli. Enda ekkert svar ótvírætt og best að hver svari fyrir sig. En Kjartan Ólason á erindi við okkur og allir myndlistarunnendur eiga erindi á þessa óvenjulegu sýningu.

dauðann / sem líknsamur neglir / augu vor aftur einn dag / undir deyjandi sól.“

Í þriðja kafla bókarinnar tíðkast hin breiðu spjótin. Þar vitjar Matthías fornkappa eins og löngum fyrr í skáldskap sínum; þar fann ég ágætast kvæðið Gísli kveður, lýrískt og magnað í senn. Fjórði kaflinn er viðamestur, en hann geymir mörg góð vers, enda er Matthías hæfilega nískur á orðin í flestum tilvikum. Og hann notar frumlega líkingu þegar hann víkur að því vandasama starfi að koma hugsunum í orð; fýlinn, þann hrjáða fugl: *„Fýllinn / er leiksoppur / vindanna // hrekst til lands / með hvíthryggjaðan / fjörð í fálmandi / augum, // getur ekki lyft / sér til flugs. // Þannig er einnig / hugsun vor / landfastur leiksoppur / lausbeislaðra / vinda // án kletta, án hafs. // Án himins.“*

Í þessum kafla eru flest áleitnustu ljóð bókarinnar, Febrúardagur, Ferðalag, Ef, Hugmynd, Næturvörður Rembrandts, Herdísarvík, svo dæmi séu tekin. Aftur gengur Matthías á hólm við söguna í fimmta hluta bókar sinnar og falla öll vötn til Dýrafjarðar sem endranær: lífvænlegustu ljóðin eru knöpp og meitluð. Skáld eiga að stjórna orðunum. Ekki öfugt.

Matthías Johannessen var á sínum tíma einn helsti frumkvöðull hins opna ljóðforms. Það hefur verið á undanhaldi hin seinni ár og er það vel; oft á tíðum eru opin ljóð rétt eins og hver önnur lesendabréf, aðeins með mislöngum línum. Í sjötta hluta bókarinnar vottar fyrir áhrifum opna ljóðsins, þó með meiri skáldlegum tilþrifum en það býður oftast nær upp á. Sprengjan heitir þessi bálkur og fyrsti hluti hans er afar kröftugur: *„Tölum ekki um veturinn langa / tölum ekki um myrkrið og frostið / tölum ekki um grimmd mannsins / tölum ekki.“*

Tölum ekki, segir skáldið, en það á annað svar og haldbetra. Fyrsta hlutanum lýkur svo: *„Rífum blóm dauðans upp / með rótum. // Leiðum öskrandi rándýr / inní traust búr // Yfirgefum Cólosseum, megi rústirnar / molna undir fölgulu tunglskini / vaxandi mána og kæfandi geislum / sólar á löngu sumri“*.


Tveir síðustu hlutar bókarinnar eru torræðir; þar bregður einatt fyrir sterkum myndum og skáldlegum, en hætt er við að margur lesandi tapi áttum áður en yfir lýkur. Og þar kemur enn og aftur að því sem helst veikir þessa nýjustu ljóðabók Matthíasar: orðgnóttin og hömluleysið. Þess vegna er Dagur af degi ekki eins heilsteypt verk og ef skáldið hefði verið strangara við sjálft sig og ljóð sín. Og það er slæmt, því bókin geymir fjölmörg ljóð sem gera hana að afar ánægjulegum tíðindum í íslenskum skáldskap.

Grafík á Skaga

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi fékk á sl. ári 600 þúsund króna fjárveitingu úr Listskreytingasjóði til að skreyta heimavist skólans. Ákveðið var að kaupa grafíkverk og verður haldin sýning á þeim fyrir almenning nú um helgina.

Alls voru keyptar 56 myndir eftir 11 listamenn, þau Baltasar Samper, Halldóru Gísladóttur, Ingiberg Magnússon, Ingunni Eydal, Jóhönnu Bogadóttur, Jón Reykdal, Ragnheiði Jónsdóttur, Ríkharð Valtingojer, Sigrid Valtingojer, Vigni Jóhannsson og Þórð Hall.

Sýningin verður opnuð í dag kl. 16 og er opin til 20.30. Á laugardag og sunnudag er hún opin frá 14 til 20.30. Sýningunni lýkur svo föstudaginn 3. mars og verður myndunum þá komið fyrir á heimavistinni.



Þorsteinn frá Hamri



Kristín Ómarsdóttir

Ljóð á Laugarnestanga

Það hefur verið fastur liður í starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar að hafa bókmenntakynningu einusinni í mánuði. Febrúarkynningin fer fram á sunnudag og er helguð ljóðinu en í janúar voru þýddar skáldsögur á dagskrá.

Það eru ljóðskáldin Gyrðir Elíasson, Kristín Ómarsdóttir, Kristján Karlsson og Þorsteinn frá Hamri sem lesa upp úr ljóðum sínum á sunnudag og hefst dagskráin klukkan hálfþrjú.



Steinunn Sigurðardóttir

Ó magálarnir mamma!

Nú er runninn upp rétti árstíminn fyrir fólk sem vill þefa af sögu íslensku þjóðarinnar og berja hana augum án þess að lesa bækur og fara á söfn. Nú er nægilegt að skreppa út í Hagkaup og skoða kjötborðið þar til þess að verða margs vísari um litla þjóð og hennar lifnaðarhætti um aldir. Og þetta geta menn gert alveg ókeypis um leið og þeir kaupa inn fyrir vikuna.

Það er með þorramat eins og svo margt annað, að maður er alinn upp við þetta og er ekkert sérstaklega að pæla í því fyrr en allt í einu að umhugsun kviknar, fyrir einhverja tilviljun. Ég er núna komin að niðurstöðu um hvers vegna ég snarhemlaði með innkaupakörfuna í Hagkaupum hér um daginn og horfði yfirþyrmd á hina óhugnanlegu samsuðu í kjötborðinu og var hugsi í framhaldi af því allan þann dag. Það er vegna þess að þetta er mesta magn þorramatar sem ég hef séð samankomið á einu bretti, og þá var sem lykist upp fyrir mér leyndardómur um eðli þessara voðalegu landbúnaðarafurða, sem ég er þó alin upp við og hef séð oft áður, en í mun minna magni.

Ég stend sem sagt eins og dáleidd við kjötborðið og hugsa: Súr fita. Oj. Þar sveif hvít fitubrák yfir vötnum í sambýli magála, bringukolla, súrsaðra hrútsp., rengis, sviðasultu, hákarls o.fl. Ég hugsaði með mér: Þetta át það. Og étur enn. Og ég minntist orða skáldsins: Ó magálarnir mamma!

Svo hvarflaði hugurinn aftur í moldargöng, baðstofuloft og fimm bera búka undir sama brekáni, frostaveturinn mikla, lús og móðuharðindi. Það er skiljanlegt í sögulegu samhengi að aðþrengt fólk í hreysum fortíðarinnar skuli hafa lagt sér til munns grafinn hákarl í ammoníaksbaði. Þess konar matvæli urðu að lífsviðurværi vegna þess að erfitt var um aðdrætti og ekki til betri aðferðir við að geyma matinn. Þetta er sem sagt skiljanlegt. Óskiljanlegt er hins vegar að fólk sem hefur komið sér upp einbýlishúsi, frystikistu og þrælbólstruðum sófffa skuli leggja það á sig að leggja sér sýrða dýrafitu og innyfli til munns í umtalsverðu magni.

Á sama hátt og barn vex uppúr því að skammast sín fyrir foreldra sína, þá er ég löngu hætt að skammast mín fyrir að vera Íslendingur. En ég á mínar erfiðu stundir þegar verið er að innvígja útlendinga í innstu leyndardóma íslenskrar matarmenningar, ekki síst hið illræmda súrmeti og brennd kindahöfuð, þar sem hámark máltíðar er augnstunga og tunguskurður. Og ég get aldrei vanist svipnum á útlendingum þegar það á að telja þeim trú um að harðfiskur sé matur. Þá myndast á andlitunum þessi átakanlegi svipur sem er blanda úr vantrú, kurteisi og viðbjóði. Talandi um harðfisk, sem mikill lyktauki er að, þá er alveg met hvað Íslendingar eru duglegir við að hafa hann innanum sparifötin í ferðatöskunum sínum þegar þeir fara til siðmenntaðra landa og ég undrast mest að enginn skuli enn hafa verið handtekinn á flugvelli fyrir hryðjuverk í matvælaútflutningi.

Á hinum heiðbundnu þorrablótum til fjarða og dala á Íslandi er að sjálfsögðu veittur þorramatur. Eftir að hafa heyrt um skemmtiatriði á slíku blóti í afskekktum firði fyrir austan þá velti ég því fyrir mér á hvaða brautir í heilanum ammoníakshákarlinn virkaði. Þetta var árið sem meint dónamynd íslensk var sýnd í sjónvarpinu og hófst á innilegum atlotum á eldhúsborði. Nýstárleg notkun þessa húsgagns varð kveikjan að skemmtiatriði á þorrablótinu, þar sem valinkunn sæmdarhjón á staðnum léku eldhúsborðssenuna úr sjónvarpsleikritinu. Ég hef ástæðu til að ætla að þessi sniðuga hugmynd hafi farið eins og eldur í sinu hringinn í kringum landið vegna þess að kona ein í firðinum heyrðist lýsa þessu atriði símleiðis fyrir ættingja sínum í öðrum firði og leggja til að það yrði einnig æft upp fyrir þorrablótið hjá þeim.

Þegar mér virtust öll sund lokuð og engin afsökun lengur til fyrir því að leggja sér til munns gömul íslensk matvæli sem ganga undir samheitinu þorramatur, þá fékk ég hugljómun. Kannski það sé veik von til þess að Íslendingar færist nær uppruna sínum og verði þar með að betri Íslendingum með því að éta skyr og rengi og hina óumræðilegu súrsuðu hrútsp.